

## 90. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 25. mars 2003 í húsakynum tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Margrét Ásgeirsdóttir, Hafsteinn Sigurðsson og Sævar Harðarson.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsmannamál.
  2. Gjaldskrá.
  3. Önnur mál.
- 
1. Starfsmannamál.  
Borist hefur bref frá Ingibjörgu Þorsteinsdóttur þar sem hún segir upp stöðu sinni sem skólastjóri tónlistarskólans.  
Fyrir liggur að Guri Hilstad mun fara í barnseignarleyfi næsta skólaár.  
Ræddir voru möguleikar í stöðunni varðandi kennara og ráðningar fyrir næsta skólaár.
  2. Gjaldskrá.  
Ræddar voru gjaldskrárhækkanir og var rætt um ca 5% hækkanir á gjöldum.  
Á næsta fundi verður lögð fram tillaga að gjaldskrá.
  3. Önnur mál.  
Hafsteinn fór yfir þann fjölda sem fer í stigspróf í vor. Um þriðjungur nemenda kemur til með að þreyta stigspróf í hljóðfæradeild og söng í vor og svipaður fjöldi stigspróf í tónfræði og nokkrir í tónheyrn.  
Síðasti miðsvetrartónfundurinn er í kvöld.  
Þann 26. mars verður farið á Tón-Vest í Búðardal þar sem 12 nemendur og 5 kennarar taka þátt.

Fundi slitið kl. 19:12.

Sævar Harðarson (sign.)  
Hafsteinn Sigurðsson (sign.),  
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).

Íhs.